

# Erindisbréf bæjarráðs Seyðisfjarðar

## 1. Stjórnskipuleg staða

Bæjarráð heyrir undir bæjarstjórn. Bæjarráð, fer með framkvæmdastjórn kaupstaðarins ásamt bæjarstjóra. Bæjarráð hefur fjárhagslega yfirumsjón með rekstri fyrirtækja og stofnana á vegum bæjarins.

Bæjarráð sér um ráðningar forstöðumanna og stjórnenda í umboði bæjarstjórnar, sbr. heimild í 49. gr. samþykktar um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Undir bæjarráð heyra auk þess sérstaklega vinabæjarsamskipti, kynningarmál, atvinnumál og rekstur veitna.

Bæjarráð tilnefnir fulltrúa á fundi á vegum bæjarins, þ.e. aðra en þau fastaráð og nefndir sem bæjarstjórn kys til fjögurra ára.

## 2. Skipun bæjarráðs

Í bæjarráði eiga sæti þrjú bæjarfulltrúar, sem bæjarstjórn kys til eins árs í senn, í júní ár hvert, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Auk kjörinna fulltrúa bæjarstjórnar, á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins, með málfrelsi og tillögurétti.

Framboðslista, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði, er heimilt að tilnefna bæjarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

Forfallist aðal- og varamenn eða áheyrnarfulltrúi í bæjarráði eða þurfa að víkja vegna vanhæfis er heimilt að kalla inn varamenn af sama framboðslista í þeirri röð sem þeir skipuðu framboðslistann.

Bæjarstjórn kys formann og varaformann ráðsins sbr. 4. mgr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

## 3. Hlutverk og verkefni

Helstu hlutverk eru:

- að fara með framkvæmda og fjármálastjórn kaupstaðarins, ásamt bæjarstjóra,
- að hafa eftirlit með fjármálastjórn kaupstaðarins, semja drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggja fyrir bæjarstjórn,
- að ákveða skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga, annarra framkvæmda og vegna óvissra útgjalda,
- að hafa eftirlit með því að viðkomandi fastanefnd eða stjórnandi stofnunar skili tillögum til fjárhagsáætlanagerða, vegna þeirra stofnana sem undir hana heyra,
- að hafa eftirlit með því að einstakir rekstrarliðir í fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hans, séu í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun á hverjum tíma,
- að sjá um að ársreikningar kaupstaðarins, fyrirtækja hans og stofnana séu samdir reglum samkvæmt og leggur fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu,
- að hafa umsjón og eftirlit með stjórnsýslu kaupstaðarins,
- að gera tillögur að samþykktum og reglum um starfshætti stjórnsýslu kaupstaðarins, fyrirtækja hans og stofnana eftir því sem við á,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu þeirra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráð fer þó með fullnaðarafgreiðslu í þeim málum sem ekki varða verulega fjárhag bæjarins og ekki er ágreiningur um afgreiðslu á, innan bæjarráðsins annars vegar og við bæjarstjóra hins vegar,

- að vinna ásamt bæjarstjóra að nauðsynlegum undirbúningi stefnumótunar og markmiðasetningar bæjarstjórnar, í samræmi við þá framtíðarsýn sem hún hefur á hverjum tíma,
- að gera tillögur um úrbætur á starfsemi á vegum kaupstaðarins,

Bæjarráð hefur auk þess eftirtalda málaflokka með höndum:

- Vegamál. Bæjarráð fer með stjórn og umsjón með vegamálum kaupstaðarins, götum og götulýsingu allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.
- Fasteignamál. Til þeirra teljast umsjón með fasteignum kaupstaðarins, svo sem húseignum, jörðum, grjótnámi, slægjum, sandnámi o.fl. að því leyti sem ekki er öðru vísi fyrirskipað um þessi mál í lögum og reglugerðum.
- Brunamál og almannavarnir. Til þeirra teljast framkvæmdir á sviðum brunamála og almannavarna.
- Verkefni veitna. Til þeirra teljast framkvæmdir og umsjón með eignum og starfsemi veitna kaupstaðarins.
- Vinabæjarsamskipti.
- Húsnæðismál
- Önnur mál. Öll önnur mál sem ekki eru falin sérstökum nefndum í samþykktum um stjórn kaupstaðarins eða með sérstakri samþykkt, skulu heyra undir bæjarráð.

Þá getur bæjarstjórn, þegar þurfa þykir, vísað málum til bæjarráðs til afgreiðslu, þó að þau heyri ekki sérstaklega undir ráðið.

Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

#### 4. Starfsmannamál

Bæjarráð sér um starfsmannamál, þar með talið allar starfsmannaráðningar, sem öðrum hefur ekki verið falið að sinna skv. lögum eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar. Bæjarráð sér um ráðningu á starfsmönnum í helstu stjórnunarstöður hjá kaupstaðnum að fenginni umsögn þeirra fagraða sem viðkomandi stöðu tengjast. Ráðið vinnur í samræmi við reglur um mannaráðningar hjá Seyðisfjarðarkaupstað, starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar. Bæjarráð hefur eftirlit með öllu starfsmannahaldi bæjarins, fyrirtækja og stofnana hans.

#### 5. Starfshættir

Um starfshætti bæjarráðs skal fylgt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Bæjarráð kemur saman fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundartímar bæjarráðs eru að jafnaði á miðvikudögum kl. 16.00 þær vikur sem bæjarstjórn kemur ekki saman til fundar. Bæjarráð heldur aukafundi eftir þörfum.

Bæjarráð skal halda gerðabók sbr. 38. gr. samþykktar um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutadeigandi, meginefni, og afgreiðslu ráðsins. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp, og allir viðstaddir undirrita hana. Bæjarstjóri hefur umsjón með

frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar, og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Formaður og/eða bæjarstjóri sér um boðun funda og undirbúning bæjarráðsfunda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum, eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum ráðsins í samræmi við samþykkt um stjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Fundur telst lögmætur ef meirihluti bæjarráðs er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

## **6. Eftirfylgni**

Bæjarráðsformaður og aðrir bæjarráðsmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykkta bæjarráðs.

## **7. Málsmeðferðarreglur**

Mál er afgreitt í bæjarráði með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu nefndar, stjórnar, ráðs, bæjarstjórnar eða bæjarstjóra. Ráðið getur vísað málum til umsagnar annarra ráða, nefnda eða bæjarstjóra. Fundarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu. Heimilt er að hafa bókanir lengri þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun og ársreikninga. Bæjarráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Við meðferð mála hjá bæjarráði, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnsýslumáli, skulu bæjarráðsmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Bæjarráð skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá ráðinu. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Ákvörðun bæjarráðs skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynning, rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kærú og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.

## **8. Endurupptaka máls**

Eftir að bæjarráð eða starfsmenn þess hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

## **9. Stjórnsýslukæra**

Aðila máls er heimilt að kæra til ráðuneytis sveitarstjórnarmála ákvarðanir um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti þess skv. 109. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema ráðuneytið mæli svo fyrir.

**10. Gildistaka**

Samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar þann 13. ágúst 2014 og tekur þegar gildi.